



ORKUSTOFNUN

**Staðsetning á hitastigulsholum kringum
Þórshöfn**

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-96-18



Staðsetning á hitastigulsholum kringum Þórsöfn.

Í maí s.l. voru staðsettar nokkrar hitastigulsholur í nágrenni Þórshafnar. Varðandi aðdraganda þess verkefnis vísast í fyrri bréfaskipti milli Þórshafnarhrepps og undirritaðs f.h. Orkustofnunar í jan.-febr. 1996.

Valdir voru alls 5-7 borstaðir. Þeir eru á eftirtöldum stöðum í grennd við þá staði sem áður hafði verið gerð tillaga um. Reikna þarf með 100-150 m djúpum holum austan og norðan Þórshafnar, þar sem borað yrði í fremur lek berglög, en sunnan þorpsins yrði komist af með ca. 50 m djúpar holar þar sem berglög eru þar þéttari. Annað sem horft er til varðandi jarðhitakönnun þessa er að stigull er hærri á Þórshöfn en inn við Gunnarsstaði og því fyrirfram frekar ástæða til að kanna nærsvæði þorpsins en landsvæðið innar frá því. Hinsvegar er eina laugin sem vitað er um þarna í nágrenninu í Hvammsheiði alllangt innan við byggðina.

- 1) **Hallgilsstaðir.** Borstaður var valinn við Hafralónsá um 500 m innan við bæinn á Hallgilsstöðum. Ekið er af veginum vestur í átt að réttinni. Þegar komið er niður af bakkanum þarf að fara spölkorn suðvestur (ca. 30-40 m) og að ánni, en þar kemur klöpp fram. Holudýpi 50 m.
- 2) **Syðri Brekkur.** Borstaður var valinn ca. 150 m norðan við íbúðarhús (það ytra). Þar gengur klapparbrík út og suður og var holan staðsett í smáskonsu austan við túnið þar sem heimasti hlutinn af föstu klöppinni endar. Holudýpi 50 m.
- 3) **Ytri Brekkur.** Borstaður var valinn við Kóngslæk ofan við tóft fast upp við brekkuna. Aðkoma er frá íbúðarhúsi yfir læk og síðan upp með og ofan við túnið. Sú leið er sæmilega þurr. Dýpi á fast gæti verið 5-6 m. Holudýpi 50 m.
- 4) **Staðarsel.** Borstaður var valinn á lækjarkakka norður af bæjarhólnum, en þar er klöpp upp úr. Aðkoma er auðveld og stutt frá slóð. Dýpi 100-150 m fer eftir því hversu lek holan reynist.
- 5) **Hóll.** Borstaður var valinn við beygju á vegarslóða ca. 300-400 m vestan við húsin og aðeins uppi í lágu holti. Léleg trébrú er nokkru austar og nær bænum. Fast berg er þarna ekki uppúr en grunnt sýnist á það (5-10 m?). Holudýpi 100-150 m, fer eftir lekt í berglögum.
- 6) **Gunnlaugsá.** Borstaður var valinn rétt ofan við brúna (merktur með hæl). Þar er líklega klöpp uppúr. Dýpi borholu 100-150 m fer eftir lekt í berglögnum.

Af þessum holum sýnist mér skynsamlegt að velja a.m.k. fimm í fyrstu atrennu, þ.e. Hallgilsstaði, Ytri-Brekkur, Gunnlaugsá, Staðarsel og Hól. Með þeim fæst austur-vestur og norðursuður hitasnið í grennd við þorpið.

Fleiri staðir voru athugaðir en mega bíða um sinn.

Kristján Sæmundsson